

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/822****2030/EES/376/07****frá 24. mars 2021**

um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) nr. 1003/2013 og (ESB) 2019/360 að því er varðar árleg eftirlitsgjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af viðskiptaskrár fyrir 2021(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 72. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Gjöld sem viðskiptaskrár greiða Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eru reiknuð út með aðferðafræði sem komið var á í framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1003/2013 ⁽³⁾ og (ESB) 2019/360. Viðmiðunartímabilið fyrir gildandi veltu í þessum framseldu reglugerðum ⁽⁴⁾ er árið á undan því ári þegar tekjurnar eru greiddar.
- 2) Hinn 1. febrúar 2020 gekk Breska konungsríkið úr Evrópusambandinu og úr Kjarnorkubandalagi Evrópu. Samkvæmt umbreytingartímabilinu sem sett er fram í 126. gr. samningsins um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu hættu lög Sambandsins að gilda um Breska konungsríkið og í Breska konungsríkinu frá og með 31. desember 2020.
- 3) Tvær viðskiptaskrár með staðfestu í Breska konungsríkinu fluttu hluta af þjónustu og starfsemi sinni til Sambandsins til að geta haldið áfram að veita þjónustu og stunda starfsemi í þágu mótaðila með staðfestu í Sambandinu. Þetta hefur breytt fjölda virkra viðskiptaskráa í Sambandinu umtalsvert.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 183, 25.5.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1.

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 1003/2013 frá 12. júlí 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar gjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið ESB L 279, 19.10.2013, bls. 4).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/360 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar gjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af viðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 58).

- 4) Hinar nýju viðskiptaskrár Sambandsins hófu starfsemi í Sambandinu í janúar 2021 og starfsemi þeirra var nánast engin árið 2020. Þannig verða árleg eftirlitsgjöld þeirra fyrir árið 2021 óveruleg þó að starfsemi þeirra sé líkleg til að verða umtalsverð. Til að tryggja að þau greiði gjöld sem eru í réttu hlutfalli við raunverulega veltu í Sambandinu ætti að reikna út árlegt eftirlitsgjald fyrir árið 2021 á grundvelli gildandi veltu þeirra á fyrri ársþelmingi 2021.
- 5) Til þess að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geti innheimt gjöld af viðskiptaskrár árið 2021 með hlutfallslegum hætti og um leið staðið undir öllum kostnaði sem tengist eftirliti er nauðsynlegt að breyta viðmiðunartímabilinu fyrir útreikning á árgjöldum sem viðskiptaskrár greiða til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar árið 2021. Þar sem viðkomandi viðskiptaskrár eru skráðar hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni samkvæmt bæði reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og reglugerð (ESB) 2015/2365 ætti að gera breytingarnar á viðmiðunartímabilinu á sama tíma.
- 6) Því ætti að breyta framseldum reglugerðum (ESB) nr. 1003/2013 og (ESB) 2019/360 til samræmis við það.
- 7) Til þess að greiða án tafar fyrir virkri og skilvirkri eftirlitsstarfsstarfsemi og framfylgd ætti þessi reglugerð öðlast gildi sem fyrst.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1003/2013

Eftirfarandi 15. gr. a bætist við framselda reglugerð (ESB) nr. 1003/2013:

„15. gr. a

Árlegt eftirlitsgjald vegna ársins 2021 fyrir afleiðuviðskiptaskrár sem eru skráðar 31. desember 2020

1. Á afleiðuviðskiptaskrár sem eru þegar skráðar hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni 31. desember 2020 skal lagt árlegt eftirlitsgjald fyrir 2021 sem reiknað er út í samræmi við 7. gr. Að því er varðar c-lið 2. mgr. 7. gr. skal gildandi velta afleiðuviðskiptaskráa þó reiknuð út í samræmi við 2. mgr.
2. Að því er varðar 1. mgr. skal gildandi velta afleiðuviðskiptaskrár vera samtala eins þriðja af sérhverju eftirfarandi:
 - a) tekna af þeirri grunnstarfsemi að safna saman og viðhalda með miðlægum hætti gögnum um afleiður afleiðuviðskiptaskrárinnar á tímabilinu 1. janúar 2021 til 30. júní 2021, deilt með heildartekjum af þeirri grunnstarfsemi að safna saman og viðhalda með miðlægum hætti gögnum um afleiður allra skráðra afleiðuviðskiptaskráa á tímabilinu 1. janúar 2021 til 30. júní 2021,
 - b) fjölda viðskipta sem tilkynnt hafa verið til afleiðuviðskiptaskrárinnar á tímabilinu 1. janúar 2021 til 30. júní 2021, deilt með heildarfjölda viðskipta sem tilkynnt eru til allra skráðra afleiðuviðskiptaskráa á tímabilinu 1. janúar 2021 til 30. júní 2021,
 - c) fjölda skráðra útistandandi viðskipta 30. júní 2021, deilt með heildarfjölda skráðra útistandandi viðskipta 30. júní 2021 hjá öllum skráðum afleiðuviðskiptaskrár.
3. Sú fjárhæð árlegs eftirlitsgjalds sem um getur í 1. mgr. skal lækkuð um hverja þá upphæð sem afleiðuviðskiptaskráin hefur þegar greitt skv. 1. mgr. 11. gr. fyrir 26. maí 2021.

Ef fjárhæðin sem afleiðuviðskiptaskráin hefur þegar greitt skv. 1. mgr. 11. gr. fyrir 26. maí 2021 er hærrí en það árlega eftirlitsgjald sem er reiknað út í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin endurgreiða afleiðuviðskiptaskránni mismuninn.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 11. gr. skal árlegt eftirlitsgjald fyrir árið 2021 vegna afleiðuviðskiptaskráa sem um getur í 1. mgr. koma til greiðslu þann 31. október 2021.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda sölureikninga vegna árlegs eftirlitsgjalds vegna ársins 2021 til þeirra afleiðuviðskiptaskráa sem um getur í 1. mgr. a.m.k. 30 dögum fyrir gjalddaga.

6 Þegar endurskoðaðir reikningar fyrir 2021 liggja fyrir skulu afleiðuviðskiptaskrár sem um getur í 1. mgr. tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um vísana sem um getur í 1. mgr. 3. gr. fyrir árið 2021.

Hvers kyns mismunur milli árlegs eftirlitsgjalds sem hefur verið greitt fyrir árið 2021 og árlegs eftirlitsgjalds sem hefði komið til greiðslu fyrir árið 2021 ef útreikningur á gildandi veltu hefði verið byggður á tilkynntum vísam samkvæmt fyrstu undirgrein skal lagður á viðskiptaskrár.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda sölureikninga vegna hvers kyns viðbótargreiðslna samkvæmt seinni undirgrein a.m.k. 30 dögum fyrir viðkomandi gjalddaga.“

2. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2019/360

Eftirfarandi 15. gr. a bætist við framselda reglugerð (ESB) 2019/360:

„15. gr. a

Árlegt eftirlitsgjald vegna ársins 2021 fyrir viðskiptaskrár sem eru skráðar 31. desember 2020

1. Á viðskiptaskrár sem eru þegar skráðar hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni 31. desember 2020 skal lagt árlegt eftirlitsgjald fyrir 2021 sem reiknað er út í samræmi við 6. gr. Að því er varðar b-lið 2. mgr. 6. gr. skal gildandi velta viðskiptaskráa þó reiknuð út í samræmi við 2. mgr.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal gildandi velta viðskiptaskrár vera samtala af:

— tekjum af þeirri grunnstarfsemi að safna saman og viðhalda með miðlægum hætti gögnum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 30. júní 2021, og

— viðkomandi tekjum af hliðarstarfsemi viðskiptaskrárinnar í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 30. júní 2021,

deilt með summu:

— heildartekna allra skráðra viðskiptaskráa af þeirri grunnstarfsemi að safna saman og viðhalda með miðlægum hætti gögnum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 30. júní 2021 og

— viðkomandi tekna af hliðarstarfsemi allra skráðra viðskiptaskráa í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 30. júní 2021.

3. Sú fjárhæð árlegs eftirlitsgjalds sem um getur í 1. mgr. skal lækkuð um hverja þá upphæð sem viðskiptaskráin hefur þegar greitt skv. 1. mgr. 10. gr. fyrir 26. maí 2021.

Ef fjárhæðin sem viðskiptaskráin hefur þegar greitt skv. 1. mgr. 10. gr. fyrir 26. maí 2021 er hærri en það árlega eftirlitsgjald sem er reiknað út í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin endurgreiða viðskiptaskránni mismuninn.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. skal árlegt eftirlitsgjald fyrir árið 2021 vegna þeirra viðskiptaskráa sem um getur í 1. mgr. koma til greiðslu þann 31. október 2021.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda sölureikninga vegna árlegs eftirlitsgjalds vegna ársins 2021 til þeirra viðskiptaskráa sem um getur í 1. mgr. a.m.k. 30 dögum fyrir gjalddaga.

6. Þegar endurskoðaðir reikningar fyrir 2021 liggja fyrir skulu viðskiptaskrár sem um getur í 1. mgr. tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um vísana sem um getur í 3. mgr. 2. gr. fyrir árið 2021.

Hvers kyns mismunur milli árlegs eftirlitsgjalds sem hefur verið greitt fyrir árið 2021 og árlegs eftirlitsgjalds sem hefði komið til greiðslu fyrir árið 2021 ef útreikningur á gildandi veltu hefði verið byggður á tilkynntum vísam samkvæmt fyrstu undirgrein skal lagður á viðskiptaskrár.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda sölureikninga vegna hvers kyns viðbótargreiðslna samkvæmt annarri undirgrein a.m.k. 30 dögum fyrir viðkomandi gjalddaga.“

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
